



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Öldungaráð Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. febrúar 2022
VEL22010010

Erindi fulltrúa Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni um framlag félagsmálaráðuneytis til Reykjavíkurborgar vegna verkefnisins Félagsstarf fullorðinna í samstarfi við sveitarfélög

Vísað er til erindis fulltrúa Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, dags. 21. nóvember 2021 þar sem óskað er eftir skýrslu frá velferðarsviði vegna framlags félagsmálaráðuneytisins til Reykjavíkurborgar vegna verkefnisins Félagsstarf fullorðinna í samstarfi við sveitarfélög.

Hjálögð er skýrsla um aukna starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna árið 2021 vegna COVID-19 frá Reykjavíkurborg, sem send var félagsmálaráðuneytinu 31. janúar sl.

Virðingarfyllst

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri



Skýrsla

um aukna starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna árið 2021 vegna COVID-19 frá Reykjavíkurborg

Janúar 2022



Reykjavíkurborg

Samantekt

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fékk fjárframlag frá Félagsmálaráðuneytinu um 27.5 mkr. vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna sumarið 2021. Styrkveitingin gerði velferðarsviði kleift að setja af stað eftirfarandi viðbótarverkefni; vinnusmiðjur í samskiptum, dansleikfimi, frísbíggjufélagsskið, sagnfræði gamalla ljósmynda, námskeið um heilsu, hreyfingu og mannleg samskipti, jóganámskeið, ljósmyndanámskeið, núvitundarnámskeið með leir, ritlistarsmiðju, rútuferðir með leiðsögn og kaffiveitingum, samsöng við gítarundirleik, stólaleikfimi, tæknilæsinámskeið, töfranámskeið, útifjör, og ættfræðigrúsk. Heildarfjöldi þeirra sem skráðir voru á námskeiðin var 6.579 manns en þess bera að geta að á þeim námskeiðum sem haldin voru einu sinni í viku á hverri félagsmiðstöð gat verið um sömu einstaklinga að ræða. Samlegðaráhrif með átaksverkefni Félagsmálaráðuneytisins um að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn á milli anna og í gegnum verkefnið urðu til þess að sumarstörf sköpuðust fyrir alls 10 námsmenn. Erfiðlega hefur gengið að ráða við útbreiðslu COVID-19 veirunnar, samkomutakmarkanir hafa enn áhrif á félagsstarf og möguleika fólks á að stunda það, og því er mikilvægt að leggja áfram aukna áherslu á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu og forvarnir með það að markmiði að auka lífsgæði og heilbrigði, fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun eldra fólks og öryrkja. Þar sem ekki náðist að fullnýta styrkinn innan tímaramma verkefnisins og um 11,5 mkr. er enn óráðstafað mun samhliða skýrslunni verða sent erindi til ráðuneytisins þar sem óskað er eftir að velferðarsvið Reykjavíkurborgar fái að fullnýta styrkinn til þess að auka og efla félagsstarfið í Reykjavík það sem eftir lifir veturs og fram á vor.

Inngangur

Þann 15. mars 2021 barst velferðarsviði Reykjavíkurborgar bréf frá Félags- og barnamálaráðherra þar sem sveitarfélög voru hvött til að efla félagsstarf fullorðinna á árinu 2021, með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun sem orðið hefur vegna COVID-19. Fram kom að eldra fólk hefur víða þurft að þola skerta samveru og félagslega einangrun vegna samkomutakmarkana og sjálfsskipaðrar sóttkvíar. Af þeim sökum var talið sérstaklega mikilvægt að leggja aukna áherslu á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu, tæknilæsi og forvarnir með það að markmiði að auka lífsgæði og heilbrigði fólks, fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun. Félagsmálaráðuneytið hafði samþykkt að styðja við þau sveitarfélög sem, vegna COVID-19, hygðust auka við starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna 2021 umfram hefðbundið starf. Á þessum grundvelli gafst sveitarfélögum kostur á að sækja um fjárframlag vegna viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna árið 2021. Hvert sveitarfélag gat sótt um 1.700 kr. fyrir hvern íbúa í sveitarfélaginu sem er 67 ára og eldri miðað við upplýsingar um íbúafjölda frá Hagstofu Íslands 1. janúar 2020. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskaði eftir fjárframlagi er nam kr. 27.570.600. Þann 27. apríl 2021 barst svar frá Félagsmálaráðuneytinu um að innsend umsókn hafi verið samþykkt og var þá hafist handa við að koma í framkvæmd þeirri verkefnaáætlun sem lögð hafði verið fram í umsókninni.

Framkvæmd og mat á árangri

Samkomutakmarkanir

Samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldursins settu sitt mark á framkvæmd verkefnisins en þó ekki eins mikið og árið 2020. Þann 15. apríl eða um það leyti sem byrjað var að undirbúa verkefnið voru gerðar tilslakanir á almennum fjöldatakmörkunum úr 10 í 20 manns. Þann 10. maí var enn slakað á fjöldatakmörkunum og 50 manns máttu koma saman. Þann 25. maí var verulega dregið úr fjöldatakmörkunum, þau hækkuð í 150 manns, slakað á grímuskyldu og 2 metra reglunni. Þann 15. júní fóru fjöldatakmarkanir úr 150 manns í 300 og nándarreglan var einn metri í stað tveggja.

Þann 26. júní voru allar takmarkanir á samkomum felldar úr gildi. Í því fólst m.a. fullt afnám grímuskyldu, nándarreglu og fjöldatakmarkana. Þann 25. júlí voru 200 manna samkomutakmarkanir teknar upp og 1 metra nálægðarregla og grímuskylda þar sem ekki var hægt að tryggja fjarlægð. Þann 15. september voru almennar fjöldatakmarkanir 500 manns en reglur um eins metra reglu og grímuskyldu óbreyttar. Þann 20. október voru verulegar afléttingar fjöldatakmarkana sem fóru upp í 2000 manns og grímuskyldu var aflétt. Þann 6. nóvember var grímuskylda tekin upp að nýju þar sem ekki var hægt að tryggja 1 metra fjarlægðarmörk. Þann 10. nóvember voru 500 manna fjöldatakmarkanir teknar upp. Þann 23. desember voru settar á 20 manna fjöldatakmarkanir og nándarregla varð tveir metrar í stað eins. Þann 15. janúar kom ný reglugerð og þá heimiluðu sóttvarnaryfirvöld að einungis 10 manns mættu koma saman í einu. Þá var ekki lengur hægt að halda úti hópastarfi á félagsmiðstöðvunum og ekki unnt að framreiða heitan mat í mótuneytum þeirra. Forsendan fyrir því að hægt sé að halda úti félagsstarfi er að a.m.k. 20 manns geti komið saman en með því móti er hægt að hleypa inn í hollum í mótuneytin. Í ljósi ofangreindra aðstæðna var framkvæmdin og mæting þátttakenda á mismundandi tímabilum fyrir nokkrum áhrifum af takmörkunum vegna COVID-19 en ætíð var gætt fyllstu varúðar í framkvæmd. COVID-19 smithættan sem á tímabili virtist vera í rénun varð til þess að fólk var mjög tilbúið að taka þátt í félagsstarfi en á sama tíma hafði það einnig áhrif þegar fréttir bárust af nýjum veiruafrigðum með meiri smithættu sem gerði það að verkum að sumir treystu sér ekki til að taka þátt í félagsstarfinu.

Forsendur verkefnisins

Margar úttektir og rannsóknir þ.a.m. nýleg bandarísk rannsókn sýna glögglega að tengsl eru á milli einmanaleika og þunglyndis á meðal eldra fólks og að takmarkanir vegna COVID-19 faraldursins hafa haft neikvæð áhrif á geðheilsu þeirra og lífsgæði.¹ Þann 16. desember 2019 samþykkti Alþingi þingsályktun um að fela heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir því að þunglyndi eldra fólks yrði sérstaklega rannsakað og umfang þess metið. Heilbrigðisráðherra skipaði nefnd sem hafði það hlutverk að kanna hvaða leiðir væru best til þess fallnar að koma í veg fyrir þunglyndi meðal eldra fólks. Nefndin skilaði Alþingi skýrslu á vorþingi 2021². Þar kemur fram að aðgerðir varðandi þunglyndi eldra fólks þurfi bæði að taka til fyrirbyggjandi aðgerða og úrræða fyrir þann hóp sem greinist með þunglyndi. Mikilvægt er að vinna við fyrirbyggjandi aðgerðir sé unnin með aðkomu sveitarfélaga, og þar verði sérstaklega horft til tveggja þátta. Annars vegar almennra þátta til að draga úr félagslegri einangrun og styrkja markvissa heilsuefningu og hins vegar að bregðast við ástandi þeirra einstaklinga sem þegar eru innan þjónustusviðs sveitarfélaga og eru í skilgreindri áhættu eða eru þunglyndir. Ennfremur er mikilvægt að beina forvarnaaðgerðum að aldurshópnum 55-69 ára til að lágmarka áhættu á þunglyndi eftir sjötugt. Innsend verkefnisáætlun tók mið af þessum niðurstöðum ásamt áherslu Félagsmálaráðuneytis á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu, tæknilæsi og forvarnir. Áætlað var að nýta styrkinn í dansleikfimi, sérsniðna fyrir eldra fólk, námskeið í hreyfingu bæði úti og inni undir leiðsögn, skipulagðar ferðir með leiðsögumanni þar sem blandað yrði fróðleik og hreyfingu, tæknilæsinámskeið sem samanstæði af hóptímum og einstaklingsþjálfun, námskeið sérstaklega á áhugasviði karlmanna, kennsla í ýmsum leiðum til að bæta andlega líðan og fyrirbyggja þunglyndi og kvíða t.d. jóga og námskeið um næringu og hollt matarræði.

¹ Krendl AC, Perry BL. **The impact of sheltering-in-place during the COVID-19 pandemic on older adults' social and mental well-being.** *J Gerontol B Psychol Sci Soc Sci.* 2020.

² Skýrsla heilbrigðisráðherra um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara .

Markhópur verkefnisins

Markhópur verkefnisins er félagslega einangrað eldra fólk og öryrkjar sem vegna samkomutakmarkana og skertrar samveru þurfa hvatningu til að stunda félagsstarf að nýju ásamt þeim sem líða fyrir skort á kunnáttu í tæknilæsi.

Framkvæmd verkefnisins

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni var samstarfsaðili velferðarsviðs í verkefninu.

Þann 9. maí sl. var ráðinn til starfa verkefnastjóri til þess að skipuleggja og halda utan um verkefnið. Verkefnunum var ætlað að taka tillit til og hlúa vel að líkamlegu, andlegu og félagslegu heilbrigði þátttakenda og átti að geta reynst þeim vel til að auka vellíðan og lífsgæði auk þess að bæta heilsufar.

Nokkur reynsla var til staðar á því hvað virkaði vel því styrkur hafði verið veittur til sambærilegs verkefnis sumarið 2020 og var þeim hluta þess sem reyndist sérlega vel heppnaður haldið áfram yfir veturinn, eins og sóttvarnaraðgerðir leyfðu á hverjum tíma.

Þann 15. maí 2021 auglýsti velferðarsvið eftir áhugasömum samstarfsaðilum til að sjá um fjölbreytt og skapandi verkefni í félagsstarfi eldra fólks. Óskað var eftir tilboðum í námskeið og hópastarf sem ætlað var að gleðja og endurnæra. Allar hugmyndir voru boðnar velkomnar. Námskeiðin átti að halda í tengslum við félagsmiðstöðvar og undir leiðsögn fagfólks.

Í samræmi við Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar á árunum 2021- 2030 um að efla lýðræðislega þátttöku borgarbúa og formgera möguleika íbúa til þess að hafa áhrif á málefni sem þá varða, og forgangsráherslur velferðarstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030 um virkt samráð við hagsmunaaðila var ákveðið að kalla saman dómnefnd sem hefði það hlutverk að fara yfir innsend tilboð og taka þátt í ákvörðun um hvaða verkefni gætu best aukið lífsgæði og heilbrigði, fyrirbyggt og dregið úr félagslegri einangrun eldra fólks. Dómnefndina skipuðu Gísli Felix Ragnarsson, verkefnastjóri; Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri verkefnisins árið 2020; Bryndís Hreiðarsdóttir, fulltrúi þjónustubúða; Dýrleif Guðjónsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni; Jón B. Stefánsson, fulltrúi Árvina og Hrafnkell Ársælsson, fulltrúi notenda félagsmiðstöðva. Yfir 30 tilboð bárust í gegnum auglýsinguna og fundaði dómnefnd þann 25. maí, fór þar yfir allar innsendar tillögur og valdi að lokum 13 samstarfsaðila í verkefnið. Var þar sérstaklega horft til þess að starfið væri fjölbreytt og höfðaði til breiðs aldurshóps með áherslu á karlmenn, en þeir hafa síður tekið þátt í félagsstarfi velferðarsviðs.

Í kjölfarið fóru verkefnastjórar yfir niðurstöður dómnefndar, haft var samband við þá sem dómnefnd leist best á og þeim boðin þátttaka. Því næst voru undirbúnir samningar við verktaka og þeir boðaðir hver fyrir sig til þess að undirrita samning um þjónustuna. Verkefnin sem voru valin voru öll í samræmi við innsenda verkefnaáætlun.

Yfirlit yfir verkefnin

Námskeiðin voru haldin á 17 félagsmiðstöðum velferðarsviðs og Sléttunni, þjónustumiðstöð Hrafnistu við Sléttuveg. Einnig voru nokkur námskeið haldin í húsakynnum Félags eldri borgara í Stangarhyl og á Vin, dagsetri á Hverfisgötu 47 sem einnig tilheyrir félagsstarfi velferðarsviðs. Alls voru 6.579 manns skráðir á námskeiðin og viðburðina en þess bera að geta að á þeim námskeiðum sem haldin voru einu sinni í viku á hverri félagsmiðstöð gat verið um sömu einstaklinga að ræða.

Hér er gert grein fyrir inntaki námskeiðanna og fjölda þátttakenda:

„Augnablik – ég á mér rödd“

Þórey Sigþórsdóttir, leiklistar- og raddkennari og Rebekka Austmann, markþjálfari buðu upp á vinnusmiðju í samskiptum, samvinnu og sögustund til að efla færni, finna mátt hlustunar og mannlegra samskipta. Alls tóku 155 manns þátt í vinnusmiðjunum.

Dansleikfimi

Auður Harpa Andrésdóttir danskennari var með í verkefninu sumarið 2020 og síðastliðinn vetur og bauð hún upp á dansleikfimi. Námskeiðin héldu áfram í sumar. Dagskráin var hönnuð út frá mismunandi getu þátttakenda og var því bæði í boði að dansa sitjandi í stól eða standandi en markmiðið var að auka þol, styrk, jafnvægi og leikgleði. Alls mættu 1844 manns í dansinn en oft var um að ræða sömu einstaklingana sem sóttu dansinn í sínu hverfi.

Frisbíggölfélag Reykjavíkur

Boðið var upp á frisbíggölnámskeið í umsjá Ólafs Haraldssonar hjá Frisbíggölfélagi Reykjavíkur. Á námskeiðinu fengu þátttakendur lánaða diska og fengu kennslu í grunnatriðum frá kennurum sem síðan fylgdu hópnum í gegnum leik á nokkrum brautum. Alls tóku 43 manns þátt í námskeiðunum.

Gamlar ljósmyndir

Leifur Reynisson sagnfræðingur og kennari efndi til samstarfs við Borgarsögusafn og Ljósmyndasafn Reykjavíkur og fékk þar að láni myndefni frá þekktum atburðum úr sögunni og bauð þátttakendum upp á fyrirlestur þar sem lögð var áhersla á virkar umræður og upprifjun æskuára þátttakenda. Alls voru 347 þátttakendur á fyrirlestrunum.

Heilsa, hreyfing og mannleg samskipti

Þórunn Sveinbjörnsdóttir hélt námskeið um mikilvægi heilsu, hreyfingar og mannlegra samskipta. Hún fór í gegnum nýtingu frítíma á efri árum, fyrirkomulag sjálfbóðaliða og símavina Rauða Krossins, öryggi í heimahúsum, samskipti á netinu, notkun velferðartækni og hjálpartækja og annað sem tengist því að eldast. Alls sóttu 270 manns fyrirlestrana.

Jóga

Sigrún Halla Unnarsdóttir, jógakennari var með námskeið í Kundalini jóga þar sem áhersla er lögð á öndunaræfingar, streitulosun og djúpa slökun og hægt er að iðka jafnt á dýnu sem stól, eftir þörfum þátttakenda. Þátttakendur voru alls 380.

Ljósmyndanámskeið

Eva Björk Ægisdóttir ljósmyndari bauð upp á ljósmyndanámskeið á snjallsíma eða myndavél fyrir byrjendur. Farið var yfir helstu atriði tengt myndatöku innandyra, utandyra og uppsetningu mynda af fólki og hlutum. Fyrri hluti námskeiðs fór fram innandyra og sá seinni í göngu utandyra. Þátttakendur voru alls 180 einstaklingar.

Núvitundarnámskeið með leir sérsniðið fyrir eldra fólk

María Arnardóttir listakona bauð upp á óhefðbundið leirnámskeið þar sem ekki er um fyrirfram ákveðið verkefni að ræða, heldur var fókusinn á sköpunargleðina og einblínt fremur á skynjun og

ferlið sjálft fremur en útkomuna. Hvert skipti tók 2 klukkustundir. Heildarfjöldi þátttakenda var 46 manns.

Ritlistarsmiðja

Viktoría Blöndal listamaður og skáld bauð upp á ritlistarsmiðju þar sem þátttakendur horfðu aftur til fortíðar í huganum, æskulóðirnar og liðinn tími rifjaður upp og skrifað var út frá skemmtilegum punktum frá þeim tíma. Viktoría studdi þátttakendur með ákveðin verkefni en hver og einn réði sinni ferð. Heildarfjöldi þátttakenda var 164 einstaklingar.

Rútuferðir með leiðsögn og kaffiveitingum

Fyrirtækið Arctic Geo-Travel ehf. bauð upp á 10 rútuferðir undir leiðsögn. Boðið var upp á hálfstdags ferðir út fyrir höfuðborgarsvæðið með val um 8 mismunandi áfangastaði og kaffi og bakkelsi á völdum stöðum. Alls fóru 138 manns í ferðirnar.

Samsöngur við gítarundirleik

Hannes Guðrúnarson, gítarkennari og tónlistarmaður bauð þátttakendum félagsstarfs upp á samsöng þar sem hann mætti með gítar og leiddi viðstadda í söng þekktra laga sem flestum voru kunn. Þátttakendur voru alls 1009 talsins.

Stólaleikfimi

Hanna Bedbur, íþrótta- og heilsufræðingur var með leikfimitíma sem hófust á upphitun og teygjum, því næst var farið í þolæfingar og styrktaræfingar og síðan lauk tímanum með léttum jafnvægisæfingum og teygjum. Tímarnir fóru ýmist fram sitjandi eða standandi, eftir þörfum þátttakenda. Alls mættu 404 manns í stólaleikfimina.

Tæknilæsinámskeið

Tæknilæsinámskeið voru haldin reglulega á öllum félagsmiðstöðvum velferðarsviðs auk Vinjar dagseturs og í húsakynnum Félags eldri borgara. Námskeiðin höfðu það markmið að efla þekkingu og færni við að nota spjaldtölvur, bæði Android og IOS stýrikerfin. Þau voru skipulögð annars vegar sem þriggja daga grunnnámskeið og hins vegar viðvera kennara sem buðu upp á einstaklingsaðstoð, auk ýmiss konar afþreyingartækni og örnámskeiða. Meðal þess sem boðið var upp á var að prófa sýndarveruleikagleraugu þar sem hægt var að „fljúga“ yfir eldstöðina í Geldingadölum. Þátttakendur á byrjendanámskeiðum voru 166 talsins en auk þess fengu 361 einstaklingur þjónustu af ýmsu tagi utan námskeiða.

Töfranámskeið

Einar Aron Fjalarsson bauð upp á töfranámskeið sérsniðið að eldra fólki þar sem hann kenndi þátttakendum einföld og skemmtileg töfrabrögð. Hvert skipti tók 90 mínútur. Námskeiðið var haldið á 5 stöðum, tvisvar sinnum á hverjum stað eða alls 10 skipti. Heildarfjöldi þátttakenda var 191 talsins.

Útifjör

Berta Þórhalladóttir, einkaþjálfari og Halla Karen Kristjánsdóttir, íþróttakennari voru með námskeiðið Útifjör. Um var að ræða hressandi æfingar og hópefli undir berum himni þar sem lögð er áhersla á þol, styrk og jafnvægi ásamt andlegu hliðinni. Alls tóku 446 manns þátt í námskeiðunum.

Ættfræðigrúsk

Stefán Halldórsson, félagsfræðingur hélt fyrirlestra með glærusýningu um ættfræðigrúsk á tölvuöld með vísunum í sögu og þróun íslensks samfélags á síðustu 150-200 árum, þegar langafar og langömmur eldra fólks í félagsstarfi miðstöðvanna fæddust.“ 247 manns voru á fyrirlestrunum sem haldnir voru yfir sumarið og síðan bættust 188 manns við á fyrirlestrunum í desember, alls 435 manns.

Kynningarefni

Auglýst var eftir samstarfsaðilum í verkefnið og einnig voru tæknilæsisnámskeiðin sérstaklega auglýst. Starfsfólk félagsmiðstöðva vann ötullega í því að auglýsa viðburðina, bæði á hefðbundinn hátt eins og aðra viðburði í félagsstarfinu þ.e. í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Einnig var hringt í íbúa í hverfunum og þeir hvattir til að koma og taka þátt.

Heildarmat á verkefninu

Mikil ánægja var hjá notendum og starfsfólki félagsmiðstöðva með aukningu félagsstarfsins í sumar. Traustir innviðir voru til staðar til að takast á við aukninguna. Sérstakur verkefnastjóri var ráðinn til að stýra verkefninu. Starfsfólk félagsmiðstöðva einbeitti sér að því að hvetja fólk til þátttöku og styðja það í að mæta en verkefnastjórinn sem staðsettur var miðlægt sá um að skipuleggja námskeið og viðburði og vera í sambandi við þá utanaðkomandi aðila, sem tóku að sér að sinna verkefnunum. Í tæknislæsiverkefninu urðu samlegðaráhrif með átaksverkefni Félagsmálaráðuneytisins um að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn á milli anna. Alls 10 háskólanemar voru ráðnir til þess að sjá um kennsluna. Reynslan af tæknilæsisnámskeiðunum tvö sumur í röð sýndi fram á mikla þörf á að námskeiðin væru einnig í boði yfir vetrartímann og þessu ákalli hefur velferðarsvið orðið við með því að ráða sérstaka starfsmenn í Velferðartæknismiðju til að kenna á tæknina.

Almennt var aukningunni í félagsstarfinu mjög vel tekið af íbúum enda var vel að námskeiðunum staðið.

Heildarfjöldi þeirra sem skráðir voru á námskeiðin og viðburðina var 6.579 manns en þess bera að geta að á þeim námskeiðum sem haldin voru einu sinni í viku á hverri félagsmiðstöð gat verið um sömu einstaklinga að ræða. Konur voru í meirihluta þrátt fyrir að markvisst hefði verið hugsað fyrir því að námskeiðin myndu höfða til karla t.d. með ættfræðigrúski og sagnfræðinámskeiði. Þetta endurspeglar mögulega þá staðreynd að konur lifa almennt lengur en karlmenn og er því stærri hópur notenda félagsmiðstöðva.

Árangur átaksins

Markmiðið með aukningunni var að ná til félagslega einangraðs eldra fólks og öryrkja sem vegna samkomutakmarkana og skertrar samveru þurfa hvatningu til að stunda félagsstarf ásamt þeim sem líða fyrir skort á kunnáttu í tæknilæsi og sem gætu einangrast við nýjar COVID-bylgjur. Markmiðunum var sannarlega náð. Eldra fólk og öryrkjar hafa mikla þörf á að koma út á meðal manna í skipulagt félagsstarf og sumir höfðu að einhverju leyti misst tengsl við félagsmiðstöðvarnar. Með styrkveitingunni gafst tækifæri til að auglýsa nýja og spennandi viðburði og hringja í fólk í hverfunum til þess að bjóða þeim að taka þátt. Námskeiðin og viðburðirnir voru í höndum utanaðkomandi aðila og gat starfsfólk því í auknu mæli unnið markvisst í því að ná til fólks og styðja það til þátttöku. Annað meginmarkmið sem stefnt var að með styrknum var að efla tæknilæsi og tókst það vel. Tæknilæsinámskeiðin gengu vonum framar, voru vel sótt og sérstaklega vinsæl hjá körlum en aukin þekking á notkun spjaldtölva mun án efa geta dregið úr einangrun og gert fólk meira sjálfbjarga t.d. til þess að panta sér nauðsynjavörur á

netinu. Í kjölfar þess að námskeiðin tókust vonum framar tvö sumur í röð er nú búið að ráða 5 starfsmenn í hlutastörf til starfa í Velferðartæknismiðju velferðarsviðs þar sem verkefnið er komið til þess að vera. Þetta er til þess að mæta mikilli eftirspurn sem er eftir vandaðri kennslu í tæknilæsi.

Niðurlag

Góða þátttaka á námskeiðunum og um helmings fjölgun frá því sumarið 2020 sýnir að fólk þyrsti í samveru og fólk er einstaklega ánægt með að fá tækifæri til þess að taka þátt í vandaðri dagskrá eins og hægt var að bjóða upp á í sumar. Eldra fólk og öryrkjar höfðu víða þurft að þola skerta samveru og félagslega einangrun m.a. vegna sjálfsskipaðrar sóttkvíar vegna COVID-19. Áfram þarf að efla forvarnir gegn þunglyndi og kvíða hjá þessum aldurshópi og vanda til allrar þjónustu, gæta að sóttvörnum og félagslegri heilsu hans. Af þeim sökum er mikilvægt að leggja áfram aukna áherslu á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu og forvarnir með það að markmiði að auka lífsgæði og heilbrigði, fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er tilbúið að halda áfram því góða starfi sem átt hefur sér stað síðastliðin tvö sumur og auka og efla félagsstarfið með styrknum sem veittur var af hálfu ráðuneytisins.